



12. stjórnarfundur LH

29. maí 2017 kl. 21:00 á Skype

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson og Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. S. Rúnar Bragason, Sóley Margeirsdóttir og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Eyþór Jón Gíslason úr aðalstjórn. Magnús Benediktsson og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

1. Rangárbakkasamningur

AMP óskaði eftir að fá sendan samninginn með áður innsendum breytingum frá HBH og AMP áður en hann verður sendur á samningsaðila.

2. Ráðning nýs starfsmanns

LÁH sagði frá ráðningu Hjörnýjar Snorradóttur, sem mun hefja störf 12. júní og verður í hlutastarfi.

3. Ísafjörður

LÁH sagði frá að búið væri að úthluta 50 milljónum í uppbyggingu á svæði Hendingar, 20 milljónir frá Vegagerð og 30 milljónir frá Ísafjarðarbæ til byggingar Reiðskemmu.

4. Skeiðmet í Fákí

Rætt var um mögulegt nýtt Íslandsmet sem sett var á Gæðingamóti Fáks síðastliðna helgi, fer til umfjöllunar til keppnisnefndar.

5. Önnur mál

a. Verkefni í tengslum við HR

i. LÁH mun kanna betur um hvað verkefnið snýst og kynnir stjórn síðar.

b. Úrtaka fyrir HM.

i. Úrtaka fyrir HM og íþróttamót Spretts hefur verið auglýst lokað mót, en skv. leiðara verða þeir að sem taka þátt í úrtöku að ríða úrslit. Þarf að kanna nánar svo einhverjir knapar verði ekki útlokaðir frá keppni í úrtökunni.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 21.45

Fundargerð ritaði Sóley Margeirsdóttir/Helga B. Helgadóttir